

Fundargerð háskólaráðs 258. fundur þann 28. september 2007

Rektor setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Finnur Friðriksson fulltrúi kennara
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Árún K. Sigurðardóttir lektor og brautarstjóri í hjúkrunarfræði
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hermann Óskarsson deildarforseti heilbrigðisdeildar

1. Fundargerð 257. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – ágúst 2007

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – ágúst 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 721,47 m.kr. (67,21% af áætlun ársins) þar af 413,26 m.kr. vegna kennsludeilda.

3. Endurskoðun rekstraráætlunar 2007

Úlfar sagði að rekstraráætlun væri óbreytt frá síðasta fundi og engin ný tíðindi í kjölfar funda með ráðherrum menntamála og sjávarútvegs og framkvæmdastjóra LIÚ varðandi stöðu náms í sjávarútvegsfræðum við háskólann.

4. Undirbúningur rekstraráætlunar 2008 – eftirfylgni við stefnu HA

Úlfar sagði að vinna væri farin af stað við gerð rekstraráætlunar fyrir 2008. Hann sagði að deildir væru að vinna að aðgerðaáætlunum út frá sínum stefnumálum og heildarstefnu háskólans. Fyrstu drög að rekstraráætlun 2008 munu liggja fyrir á fundi háskólaráðs í nóvember.

5. Heimsókn matsnefndar um viðurkenningu á fræðasviði félagsvísinda

Úttektir sérfræðinga vegna umsókna á fræðasviðum félagsvísinda fer fram í háskólanum 28. og 29. september, vegna umsókna á fræðasviðum auðlindavísinda 2. október og heilbrigðisvísinda þann 16. október. Sérfræðinganefnd félagsvísinda kom inn á fund háskólaráðs. Rektor var með stutta kynningu og síðan voru fyrirspurnir nefndarmanna og umræður.

6. Deildaskipting háskólans

Á fundi háskólaráðs sem haldinn var 30. mars sl. var lögð fram tillaga nefndar sem var skipuð af háskólaráðs um sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar. Eftir ítarlegar umræður í háskólaráði var málinu frestað og ákveðið að skoða nánar m.a. markmið, fagleg sjónarmið og eflingu meistaranáms. Rektor lagði nú fram tillögu sem byggð er á tillögu nefndarinnar þar sem lagt er til að sameina kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild frá og með 1. ágúst 2008. Deildin skal heita hug- og

félagsvísindadeild og skiptast í þrjár skorir í upphafi: lagaskor, kennaraskor og hug- og félagsvísindaskor.

Háskólaráð samþykkti tillöguna með fjórum atkvæðum, einn sat hjá. Rektor var falið að auglýsa laust til umsóknar starf deildarforseta sameinaðrar deildar. Miðað er við að nýr deildarforseti komi til starfa eigi síðar en 1. maí 2008.

7. Dómnefndarálit

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fulltrúi í dómnefnd HA kom inn á fund og gerði grein fyrir dómnefndaráli um hæfi Margrétar Hrannar Svavarsdóttur til að gegna starfi lektors við heilbrigðisdeild HA.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálið.

Guðríður yfirgaf fund.

8. Fjöldatakmörkanir í heilbrigðisdeild

Árún K. Sigurðardóttir og Hermann Óskarsson komu inn á fundinn og gerðu grein fyrir tillögu heilbrigðisdeildar um að fjölgað yrði um 3 nemendur á 1. námsári í hjúkrunarfræði á vorönn 2008. Væri það til viðbótar þeim 48 sem áður var ákveðið að teknir yrðu inn eftir samkeppnispróf í desember nk.

Háskólaráð samþykkti tillöguna.

Árún og Hermann yfirgáfu fund.

9. Byggingaframkvæmdir

Rektor sagði að á opnunarfundi í Ríkiskaupum þann 25. þ.m. hafi komið í ljós að fjórir aðilar buðu í 4. áfanga byggingaframkvæmda við HA. Lægsta tilboð var tæpum 100 m.kr. hærra en kostnaðaráætlun sagði til um. Framkvæmdasýsla og Ríkiskaup munu funda með tilboðsaðilum í næstu viku.

10. Samningar

Á háskólahátíð 8. september sl. voru undirritaðir styrktarsamningar við Eimskip, Glitni og KEA. Við sama tækifæri var undirrituð viljayfirlýsing við Háskólasetur Vestfjarða um nýja námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun.

Háskólaráð staðfesti viljayfirlýsinguna og þakkar Eimskip, Glitni og KEA rausnarleg framlög og öflugt samstarf.

11. Önnur mál

11.1 Háskólaráð samþykkti að skipa Laufeyju Petreu Magnúsdóttur forstöðumann kennslusviðs í samstarfsnefnd í stað Þórleifs Björnssonar sem látið hefur af störfum við háskólann. Þar sem Laufey Petrea er í starfsleyfi til 15. janúar 2008 var Stefán Jóhannsson staðgengill hennar skipaður í nefndina meðan á fjarveru hennar stendur. Jafnframt samþykkti háskólaráð að skipa Steinunni Aðalbjarnardóttur verkefnastjóra launa í samstarfsnefnd í fjarveru Hugrúnar Helgadóttur sem er í leyfi til 1. ágúst 2008.

11.2 Háskólaráð samþykkti einnig að skipa Steinunni Aðalbjarnardóttur í stigamatsnefnd í fjarveru Hugrúnar Helgadóttur.

11. 2 Rektor óskaði eftir tillögum frá fundarmönnum um skipun umhverfisráðs fyrir næsta fund háskólaráðs.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:45